

**Sp.**

**49. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna sildarverksmiðju á Siglufirði.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta á næsta sumri rannsaka, hvað kosta muni að stofnsetja nýttísku

síldarbræðslustöð á Siglufirði, sem geti unnið úr alt að 2000 tunnum síldar á sólarhring.

2. Að gera ráðstafanir til þess, að nægilegt land, með fulltryggum lóðar-rjettindum, verði fyrir hendi, þegar til byggingar slíkrar stöðvar kæmi.

#### Greinargerð.

Eins og kunnugt er, ætti síldarútvegurinn að geta verið einhver mesta auðsuppspretta landsins, væri hann starfræktur á viðeigandi hátt, en hjer er þó sjerstaklega átt við meðferð vörunnar og sölu hennar.

Það hefir komið fyrir sum árin, að mikill hluti síldarframleiðslunnar hefir orðið verðlaus, svo að af því hefir stafað miljónatap. Um það, hver áhrif slíkt geti haft fyrir þjóðarvæðskapinn, þarf ekki að fjölyrða, vegna þess, að Alþingi hefir þegar sýnt, að því er orðið ljóst, hvert stefnir í þessu efni. Þess vegna eru til orðin lög nr. 51, 15. júní 1926, um sölu á síld o. fl.

Áðurnefnd lög, þótt í rjetta átt stefni, eru ein út af fyrir sig ekki nema hálfstigið spor, því eftir því sem síldarsöltunin yrði meira takmörkuð, því meiri verður nauðsynin á, að síldarframleiðslan að öðru leyti geti selst fyrir sannvirði.

Þegar á það er litið, að allar síldarbræðsluverksmiðjur við aðalveiðistöðvarnar eru eign útlendinga, þá verður það ljóst, að það er ærið varhugavert að treysta eingöngu á þeirra forsjá, bæði vegna þess, að þær geta hætt störfum þegar minst varir, og annað hitt, að hætt er við, að samkeppni um verðið verði ekki mikil þeirra á milli. Eina örugga ráðið til þess að tryggja síldarútveginn sæmilega í framtíðinni virðist því vera það að koma upp á hentugum stað fullkominni síldarbræðslustöð, sem rekin væri með samvinnusniði, en slíkt mun varla komast í framkvæmd nema með aðstoð löggjafarvaldsins.

Frekari skýringar viðvíkjandi þessu máli munu koma fram við umræðurnar.